

Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um túlkajónustu og ráðningu túlka á velferðarsviði

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig túlkajónustu og ráðningum túlka er háttað á velferðarsviði? Tala allir túlkar íslensku sem velferðarsvið ræður til að túlka? Hvaða aðrar kröfur eru gerðar til menntunar, færni og þjálfunar túlka sem ráðnir eru til að túlka fyrir velferðarsvið og undirskrifstofur hennar? Eru allir túlkar með löggildingu sem túlkar? Eru einhverjir túlkar ómenntaðir?

Greinargerð

Borið hefur á því að túlkar valdi starfi sínu misvel. Sumir tala enga íslensku og tala jafnvel málið sem þeir eru að túlka ekki vel. Dæmi eru um að ekki sé verið að túlka nákvæmlega það sem á að túlka og hafa skapast ýmis vandamál vegna þess. Það ætti að vera algjört skilyrði að aðeins menntaðir túlkar séu ráðnir til starfa. Sé ekki völ á menntuðum túlkum verður að koma á einhvers konar mats- og viðurkenningakerfi túlka, til að meta hæfi þeirra og getu til túlkunar á t.d. tilteknum sviðum á líkan hátt og gert er í Danmörku. Þannig væri betur hægt að tryggja hæfa túlka á hverju sviði, ef ekki er völ á menntuðum túlkum, og haga verður túlka þöntunum eftir eðli máls hverju sinni. Vísað er í skýrslu um túlkajónustu til innflytjenda, frá velferðarráðuneytinu 2011.